

Mál nr. 281/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 27. september 2022.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 18. og 24. nóvember 2020 kemur fram að M hafi runnið í bleytu hinn 5. nóvember 2020 þegar hann var að taka á móti kjötskrokkum. Í lýsingu atvika kemur jafnframt fram að M hafi ekki dottið heldur hafi náð jafnvægi aftur, en fengið hnykk á bakið og leitað til læknis og orðið óvinnufær. Atvikið var tilkynnt til V hinn 4. desember 2020 en ekki liggur fyrir tilkynning til Vinnueftirlitsins vegna þess. Í málskoti er aðstæðum lýst nánar með þeim hætti að M hafi staðið inn í flutningsrými flutningabifreiðar við að taka á móti kjötskrokkum og hafi töluvert af blóðvökva lekið úr skrokkunum á gólfi og þegar M hafi verið að lyfta einum kjötskrokknum hafi hann runnið í blóðpolli á gólfinu og fengið hnykk á bakið með þeim afleiðingum að hann hlaut mikla verki og hefur verið í endurhæfingu síðan.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans. M bendir á að líkamstjón M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því ekki skráð eða rannsakað frekar og hafi X því farið gegn fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti um aðstæður á vettvangi líkamstjónsins. Einnig telur M að X hafi ekki gætt nægilega öryggis starfsmanna skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 og að búnaður hans til vinnu hafi verið ófullnægjandi. M bendir á að þeir skór sem X útvegaði til vinnu hafi verið hefðbundnir vinnuskór með stáltá og hafi ekki hentað við vinnu M við að taka á móti kjötskrokkum, auk þess em þeir séu ekki sérhæfðir fyrir störf í kjötvinnslu eða matvælaframleiðslu. Einnig bendir M á að hann hafi verið í sömu skóm frá því að hann hóf störf fyrst hjá X, eða rúmum tveimur árum fyrir tjónsatvikið. M vísar til upplýsinga frá framleiðanda skónna um að almennt ending á sambærilegum skóm sé um 6-12 mánuðir og því hafi X vanrækt að tryggja nægilega traustan öryggisbúnað, sbr. reglur um persónuhlífar og önnur fyrirmæli fyrrnefndra laga um öryggisráðstafanir á vettvangi. Einnig bendir M á að sú flutningabifreið sem M keyrði skrokka til X tjónsdegi hafi verið hærri en teinar kjötvinnslunnar sem skrokkum var ýtt upp á og hafi starfsmenn því þurft að lyfta skrokkunum með meira afli en almennt hafi þurft að gera og bendir M á atvik og niðurstöðu í dómi Hæstaréttar í máli 61/2006 í þessu sambengi og í ljósi þess að algengt hafi verið að bleyta væri á gólfi við vinnu M. Einnig vísar M til þess að hitastig hafi ekki verið í samræmi við flutningsleiðbeiningar og hafi því runnið meiri blóðvökvi úr skrokkunum á tjónsdegi en almennt og engar varúðarmerkingar hafi verið vegna þessa á vinnustaðnum eða vegna annarra hættulegra aðstæðna.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur málsatvik óumdeild í þeim skilningi að M hafi runnið í blóðvökupollum á gólfi flutningabifreiðar við að lyfta kjötskrokki og við það fengið hnykk á bak. V telur, með hliðsjón af því, að það hafi ekki áhrif á sönnunarstöðu að vinnuslys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þar sem óumdeilt er hvernig líkamstjón hans bar að. Einnig telur V að rými flutningabifreiðar þeirrar sem M var í við vinnu teljist ekki til húsnæðis vinnustaðar X og hafi X því haft takmörkuð úrræði til að tryggja hálfuvarnir í bifreiðinni. V vísar því á bug að skóbúnaður sem M hafi staðið til boða hafi verið ófullnægjandi og bendir á að M hafi hafið störf hjá X eftir hlé um mitt ár 2020 og hafi því unnið í um hálfu ári samfleytt þegar hann slasaðist og megi ætla að hann hafi fengið nýja skó þá. V vísar til verklagsreglna X um þríf og móttöku á kjötskrokkum og telur að M hafi þekkt aðstæður á vinnustaðnum vel og hafi fengið leiðbeiningar um hvernig því ætti að sinna. Einnig hafnar V því að aðstæður á vinnustað X hafi verið óforsvaranlegar og að ekki hafi verið brugðist við ábendingum um hættulegar vinnuaðstæður, en þær staðhæfingar séu ekki studdar gögnum af hálfu M hann verði að bera hallann af því.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaskyldu X sem vinnuveitanda M. Upplýst er í málinu að M fékk hnykk á bak þegar hann rann í blóðvökva á gólfi flutningabifreiðar, í vinnu sinni við að taka á móti kjötskrokkum úr bifreiðinni og fara með þá í kjötvinnslu X. Ekki verður séð að ágreiningur sé um þau atvik sérstaklega og að þau hafi leitt til líkamstjóns M. Verður því ekki séð að tilkynning til Vinnueftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefði upplýst frekar um atvik í málinu.

Það sem stendur þá eftir er hvort aðstæður við vinnu M hafi verið óforsvaranlegar m.t.t. vinnusvæðis, skipulags og skóbúnaðar sem X útvegaði starfsmönnum. Hvað varðar skipulag á vinnunni verður svæði flutningabifreiðarinnar ekki talið það fjarlægt húsnæði X að X hafi ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á þær aðstæður, helst með því að setja vinnureglur um verkið sem M var að vinna. Þær vinnureglur X sem V hefur lagt fram í málinu gera ráð fyrir því að „Útlit og frágang á bíl skal staðfesta með skoðun m.t.t. hreinlætis, meindýra, ljósa, lyktar, útlits o.s.frv.“ Af þessum vinnureglum má ráða að hluti af starfsskyldum M hafi verið að taka út hreinlæti og bifreiðarinnar og gera þá athugasemdir ef því væri ábótavant. Í málinu er ekki að sjá að slíkar athugasemdir hafi verið gerðar, eða að sýnt sé að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar á tjónsdegi. Ekki verður heldur talið sannað að ástand skóbúnaðar M hafi verið með þeim hætti að hættulegt væri að klæðast þeim við vinnu, eða að þeir hafi verið það slitnir að líkamstjón M megi rekja til ástands þeirra. Um skilyrði skaðabótaábyrgðar X ber M sönnunarbyrði. Verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að X hafi farið gegn fyrirmælum laga nr. 46/1980 við skipulag vinnu M eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hefði borið að bregðast sérstaklega við á tjónsdegi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir